

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2022, þriðjudaginn 8. mars kl. 12:00 var haldinn 316. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Vala Valtýsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Einnig tók Bjarni Bjarnason, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Bjarni Freyr Bjarnason, starfandi framkvæmdastjóri fjármála og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds lögðu fram til samþykktar ársreikning Orkuveitu Reykjavíkur móðurfélags og Orkuveitu Reykjavíkur samstæðu fyrir árið 2021 og kynntu minniháttar breytingar sem orðið hafa síðan reikningarnir voru kynntir á fundi stjórnar 28. febrúar sl.

Davíð Arnar Einarsson og J. Sturla Jónsson, endurskoðendur hjá Grant Thornton gerðu grein fyrir endurskoðunarskýrslu og vinnu við endurskoðun reikninganna.

Lárus Finnbogason formaður endurskoðunarnefndar gerði grein fyrir endurskoðunarskýrslu og aðkomu endurskoðunarnefndar að uppgjörsvinnu.

Reikningarnir bornir upp saman og samþykktir samhljóða. Reikningarnir verða staðfestir með rafrænni undirritun stjórnarfólks.

Fundi frestað kl 12:17 og fundur OR eigna settur. Klukkan 12:23 var fundur settur að nýju.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga um arðgreiðslu, dags. 28.02.2021. Tillögunni fylgir greinargerð. Tillagan kynnt á fundi stjórnar 28. febrúar sl.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 4.000 milljónir króna eða tæplega 1,9% af eigin fé í árslok 2021.

Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2022-2026.

Tillagan samþykkt með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur og Valgarðs Lyngdal. Eyþór Laxdal Arnalds og Hildur Björnsdóttir greiða atkvæði gegn tillögunni.

3. Frammistöðumat stjórnar á störfum forstjóra lagt fram. Formaður starfskjaranefndar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.
4. Eyþór Laxdal Arnalds óskar eftir að á næsta fundi stjórnar verði rætt hvernig samstæða OR getur nýtt sem best þá orkukosti og auðlindir, sem fyrirtækin hafa yfir að ráða. Einnig verði upplýst um stöðu orkukosta í rammaáætlun.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 12:38.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 28. mars 2022.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir,
Eyþór Laxdal Arndal, Hildur Björnsdóttir,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.